

**3. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2018, haldinn 16. maí 2018 í  
Flúðaskóla kl. 14:00. 21. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Jón Bjarnason, Vigdís Furuseth, Ásmundur Lárusson, Ingvar Hjálmarsson, Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Margrét Larsen, fulltrúi kennara og Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi skólaráðs.

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Skóladagatal 2018-2019**
- 3. Rekstur Flúðaskóla**
- 4. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla skólastjóra**

Í vetur hefur verið mikil áhersla lögð á útikennslu þar sem unnið hefur verið með sköpun og tengsl við nærsamfélagið. Forritunarkennsla hefur verið í 1. - 10. bekk og er frábært að sjá hvað nemendur blómstra í þessum verkefnum.

Samræmdu prófin í íslensku og ensku voru endurtekin fyrir þá nemendur í 9. bekk sem vildu taka þau. Tveir nemendur tóku íslenskuprófið og fjórir enskuprófið. Þeim nemendur sem þegar höfðu fengið einkunn úr þessum prófum gafst einnig kostur á að taka þau aftur.

Pisakönnun var lögð fyrir 10. bekkina núna í apríl. PISA er umfangsmikil alþjóðleg langtímarannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði og stærðfræði. Sá aldur er valinn þar sem hann markar lok almennrar skólagöngu í flestum löndum. Aðaláhersla núna er á mat á lesskilningi en einnig er metið læsi á stærðfræði og náttúruvísindi. Svör nemenda í PISA eru ekki persónugreinanleg og ekki hægt að rekja svörin. Þetta er alþjóðleg könnun sem lögð er fyrir á þriggja ára fresti. Niðurstöður eru ekki rekjanlegar til einstakra skóla

Menntabúðir Suðmennt, sem er samstarfsverkefni allra skóla á Suðurlandi um tölvu- og upplýsingatækni, var haldið tvisvar eftir áramótin. Menntabúðir er vettvangur jafningjafræðslu í forritun og notkun tölvuforrita í skólastarfi. Í fyrra skiptið voru þær haldnar í Flúðaskóla og í seinna skiptið í Menntaskólanum að Laugarvatni. Gaman að segja frá því að í bæði skiptin spiluðu kennarar úr Flúðaskóla stórt hlutverk.

Stór hópur starfsfólks Flúðaskóla sat námskeiðið Inngangur að neyðarvörnum sem haldið var af Rauða krossi Íslands. Flúðaskóli er fjöldahjálparstöð og snerist námskeiðið um að kynna fyrir sjálfboðaliðum hvert þeirra hlutverk væri ef til þess kæmi að opna þyrfti fjöldahjálparstöð í skólanum. Margir starfsmenn skráðu sig sem sjálfboðaliða hjá Rauða krossinum í kjölfarið.

Rauði krossinn mun halda skyndihjálparnámskeið fyrir 10. bekkinga nú í vor.

Nemendur í 10. bekk fengu kynningu frá VR um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Slík kynning er orðinn árlegur viðburður og hluti í áætlun okkar við að styðja útskriftarnemendur út í lífið.

Flúðaskóli er leiðandi skóli hvað varðar ýmsa þætti skólastarfsins enda verður það algengara að leitað sé til okkar með innlenda og erlenda kennarahópa sem vilja fá kynningu á skólastarfinu.

Í lok apríl komu kennarar frá Grunnskóla Vestmannaeyja ásamt erlendum samstarfsaðilum Erasmus verkefnis og fengu námskeið í útikennslu hjá kennurum Flúðaskóla.

Núna um miðjan maí eru væntanlegir kennarar frá Hollandi sem vilja fá kynningu á skólanum með áherslu á nemendur með sérþarfir. Þorsteinn Sæberg formaður Skólaljórafélag Íslands hafði hafði milligöngu vegna þessa.

Niðurstöður frá nemendapingi eru nú aðgengilegar á vef Flúðaskóla. Markmið þingsins var að skapa umræður um jafnrétti kynjanna og fá fram mismunandi sjónarmið nemenda. Ýmislegt áhugavert kom fram í hópunum og er greinilegt að nemendur eru meðvitaðir um mikilvægi jafnréttis og fjölbreytileika en betur má ef duga skal og því er gert ráð fyrir aukinni fræðslu til allra.

Niðurstöður könnunar sem kennarar tóku þátt í sem nefnist Socratess og er á vegum Mentor er einnig komin á vef Flúðaskóla. Um er að ræða könnun á innleiðingu aðalnámskrár í grunnskóla landsins, skemmst er frá því að segja að Flúðaskóli virðist vera komin vel á veg og nokkuð lengra en margir aðrir skólar sem tóku þátt í könnuninni og flokkast undir leiðandi skóla í námsmati í þágu náms.

Veturinn í vetur hefur verið einstaklega skemmtilegur og góður andi í öllu skólastarfi, ýmsar nýjungar hafa verið innleiddar og skapandi skólastarf hefur skipað stóran sess. Kennarar hafa verið duglegir við endurmenntun og sótt námskeið bæði utanlands og innan.

## **2. Skóladagatal 2018-2019**

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali Flúðaskóla fyrir næsta skólaár, 2018-2019. Þar er gert ráð fyrir að skólasetning verði þriðjudaginn 21. ágúst og skólaslit föstudaginn 3. júní. Dagatalið er samræmt við dagatal Þjórsárskóla. Skólanefnd samþykkir dagatalið.

## **3. Rekstur Flúðaskóla**

Skólastjóri fór yfir helstu tölur í rekstri skólans það sem af er ári. Reksturinn er á áætlun.

## **4. Önnur mál**

- a) Starfsmannamál rædd og eru þau í góðum farvegi fyrir næsta vetur.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:30